



Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla

2016

Forsíðumyndin er úr myndasafni Erlendar Hansen en myndasafnið ásamt fleiri skjölum var afhent safninu sumarið 2015. Nokkrar myndir Erlendar voru notaðar í Drangeyjarsýningunni veturinn 2016.

Ljósmyndir í skýrslu þessari koma frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga eða starfsmönnum þess.

Texti: Sólborg Una Pálsdóttir

© Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 2017.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Almenn starfssemi.....	3
Fyrirspurnir og þjónusta	4
Millisafnalán	6
Miðlun	6
Netmiðlun.....	6
Fyrirlestrar	7
Eftirlit og ráðgjöf.....	7
Afhendingar 2016.....	7
Söfnun á skjölum ungmennafélaga	10
Skráningarmál.....	10
Skráning á safnkosti.....	10
Samstarfsverkefni, fræðsla og heimsóknir.....	11
Úr tímans ranni & Drangey – matarkista Skagfirðinga	11
Sögufræðsla fyrir ungdóminn.....	12
Sveitablöðin.....	12
Héraðsskjalaverðir funda.....	13

Formáli

Eitt af mikilvægustu verkefnum héraðsskjalavarðar er að sjá til þess að gögn safnsins séu varðveitt við tryggjar og góðar aðstæður svo komandi kynslóðir fái að njóta þeirra. Því er það verkefni héraðsskjalavarðar að benda á að aðstæður safnsins, þ.e.a.s. húsnæðið, uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til opinberra skjalasafna í dag. Safnkosturinn stækkar óðum eins og von er en safngeymslur hafa ekki stækkað að sama skapi. Safngeymslur eða varðveisluhús hljóma eflaust ekki spennandi í eyrum almennings en þær eru gríðarlegar mikilvægar fyrir söfnin og grunnurinn að því að geta talist gott og ábyggilegt safn. Vonandi munu Skagfirðingar leysa þessi mál í nánustu framtíð.

Almenn starfssemi

Starfssvæði safnsins nær yfir Skagafjörð, þ.e. sveitarfélögin Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð. Forstöðumaður héraðsskjalasafns hefur einnig umsjón með Listasafni Skagfirðinga. Safnið er opið alla virka daga frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.


Eftirtaldir starfsmenn unnu á héraðsskjalasafninu 2016:

Nafn	Starfsheiti	Starfshlutfall
Dagur Magnússon	Myndaskráning	25%
Gísli Þór Ólafsson	Verkefnastjóri	100%
Sigrún Fossberg Arnardóttir	Skjalavörður	75%
Sólborg Una Pálsdóttir	Héraðsskjalavörður	100%


Í byrjun árs fór Sigrún Fossberg Arnardóttir úr 50% stöðu í 75% stöðu. 1. nóvember hætti Gísli Þór Ólafsson störfum hjá safninu en þá fór Sigrún um tíma í 100% stöðu. Dagur Magnússon hóf störf hjá safninu um vorið í gegnum Virk.

Fyrirspurnir og þjónusta


Fjöldi fyrirspurna sem beindist að safnkosti skjalasafnsins voru 332 árið 2016 sem er svipað og árið áður.




1. janúar 2015 tók skjalasafnið upp nákvæma skráningu á fyrirspurnum sem berast safninu. Nú getum við betur greint hverju fólk er að leita eftir, hvaðan fyrirspurnirnar eru að koma og í hvaða formi. Þessi greining getur hjálpað okkur við að bæta þjónustu okkar. Nákvæmari skráning á fyrirspurnum gæti líka haft eitthvað að segja um fjölda fyrirspurna því nú eru einungis skráðar fyrirspurnir sem fjalla um safnið og safnkost þess.




Stærsti hluti fyrirspurnanna tengjst því hvort við séum með tiltekin skjöl (27%) eða ljósmyndir (34%) og hvort sé hægt að fá afrit af þeim. Í sumum tilvikum hafa menn óljósa hugmynd um að hverju er verið að leita, meira verið að spyrja hvort við eigum einhverjar heimildir sem fjalla um tiltekið efni (30%). Er það nokkuð svipað og árið áður.



Enn eykst fjöldi þeirra sem kemur á safnið með fyrirspurnir sínar. Árið 2015 voru 56% lagðar fram með þessum hætti en 2016 eru það um 70% sem er umtalsverð aukning. Sem fyrr þá er vert að hafa þessar niðurstöðu í huga þegar horft er til aðstöðunnar á safninu, **við verðum að gera fólki kleift að geta sest niður og unnið sína rannsóknarvinnu við sómasamlegar aðstæður**. Næst koma svo fyrirspurnir í gegnum tölvupóst (18 %) sem er heldur minna en árið áður (26%). Þetta kemur nokkuð á óvart.



Langstærstur hluti þeirra sem leggja fram fyrirspurnir eru einstaklingar og félagasamtök (75%) sem er svipað og árið 2015 (74%). Auðvitað getur verið að hluti þeirra einstaklinga sem koma með fyrirspurnir til safnsins séu að vinna fyrir fyrirtæki eða opinberar stofnanir án þess að við höfum vitneskju um það en í megindráttum eru það mikið til einstaklingar og félagasamtök sem leita að gögnum í safninu.



Meirihluti þeirra sem leita til safnsins koma frá svæðinu sjálfu (Skagafirði) eða um 69% (61% árið 2015). Meirihluti þeirra sem leita til safnsins eru karlar eða 65% sem nákvæmlega sama hlutfall og árið áður. Það má alveg spyrja að því hvort rétt sé að aðgreina fyrirspurnir eftir kyni fyrirspyrjanda, alla vega ætti það kannski einungis að eiga við um einstaklingana en ekki opinbera aðila eða fyrirtæki.

Millisafnalán

Nokkuð var tekið til í millisafnalánnum á árinu 2015. Gert var átak í að kalla inn gögn sem höfðu verið í millisafnaláni í langan tíma, jafnvel í nokkur ár. Einnig var gert átak í að skila af sér gögnum. Þá var tekin upp nákvæmari skráning á millisafnalánnum svo hægt væri að fylgjast betur með stöðu þeirra mála.

Í öllum tilvikum eru rannsakendur að fá lánuð gögn frá safninu í gegnum aðra varðveislustofnun, annað hvort Landsbókasafnið eða Þjóðskjalasafnið. Ekki var beðið um nein gögn frá öðrum varðveislustofnun í gegnum héraðsskjalasafnið.

Staða millisafnalána 2016	
	Skjalaeiningar
Skilað inn til HSk	2
Lánað út frá HSk	3

Miðlun

Netmiðlun

Fjöldi gesta á heimasíðu safnsins voru 2021 með 3569 heimsóknir sem mjög svipað og árið 2015. Greinilegur munur er á heimsóknnum eftir mánuðum. Flestar heimsóknir voru í mars, maí og nóvember. Yfirgnæfandi meirihluti heimsókna kemur frá Íslandi sem á ekki að koma á óvart þar sem efni síðunnar

er allt á íslensku. Ársskýrslu safnsins er oftast hlaðið niður en svo virðist sem síðan um ljósmyndasafnið sé vinsælust.

Féskarsíða Héraðsskjalasafnsins nýtur stigvaxandi fylgis. 30. desember 2015 var féskarsíða safnsins komin 863 „likes“. Við settum okkur það markmið að vera komin með 1000 „like“ á árinu 2016 og því markmiði náðum við á haustmánuðum. 30. desember 2016 var féskarsíða safnsins komin með 1073 „likes“.



Fyrirlestrar

6. október 2016 flutti Sólborg Una Pálsdóttir fyrirlesturinn „Rafræn könnun á skjalavörslu skilaskyldra aðila í Skagafirði“ á ráðstefnu héraðsskjalavarða í Mosfellsbæ.

Eftirlit og ráðgjöf

Héraðsskjalasafnið ber að hafa eftirlit og veita ráðgjöf varðandi skil og varðveislu á opinberum gögnum í Skagafirði. Í því skyni að hafa eitthvert yfirlit yfir stöðu mála var send út rafræn könnun til 16 aðila árið 2015. Af niðurstöðum könnunarinnar má marka að það er ekki skýrt innan svæðisins hver telst vera skilaskyldur aðili, þ.e.a.s. sumir líta á yfirstjórnina í ráðhúsinu sem þann aðila sem ber ábyrgð á skjalasöfnunum. Því var það ljóst að fyrsta skrefið væri að setjast niður með fulltrúum sveitarfélaganna og ákveða hvaða undirstofnanir skyldu flokkast sem sjálfstæðir skjalamyndarar. Árið 2016 fór í þetta verkefni. Fundað var með sveitarstjóra, sviðsstjóra stjórnsýslu og fjármála og skjalastjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Næsta skref er að vinna með þá niðurstöðu og huga að málalyklum einstakra stofnanna. Einnig þarf að huga að því að halda námskeið um skjalastjórn fyrir opinbera aðila á svæðinu.

Afhendingar 2016

Afhend.nr.	Lýsing	Tegund	Umfang	Skránnr
2016:1	Sigurlína Kr. Kristinsdóttir, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:2	Indína Sigmundsdóttir, skjalasafn. Hjalti Pálsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00069

2016:3	Karлакór Sauðárkróks, skjalasafn. Ingimar Jóhannsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	N00067
2016:4	Skátafélagið Andvari, skjalasafn. Stefán Pedersen afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00065
2016:5	Daníel Ingólfsson, skjalasafn. Jóhannes Axelsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,16 hm	N00070
2016:6	Héraðsbókasafn Skagfirðinga, skjalasafn. Þórdís Friðbjörnsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:7	Erlendur Hansen, ljósmyndir. Jóhanna Lárentsínudóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:8	Garðar Víðir Guðjónsson, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00062
2016:9	Pétur Marinó Runólfsson, skjalasafn. Sverrir Magnússon afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00066
2016:10	Örn Þorkelsson, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:11	Magnús Sigmundsson, skjalasafn. Inga Katrín Magnúsdóttir afhenti	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00078
2016:12	Kvennadeild Skagfirðingafélagsins í Reykjavík, skjalasafn. Guðrún Árnadóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,16 hm	N00050
2016:13	Lögmenn Suðurlands, skjalasafn. Ólafur Björnsson afhenti.	Opinbert skjalasafn	0,47 hm	N00048
2016:14	Kvenfélag Sauðárkróks, skjalasafn. Helga Sigurbjörnsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	1,20 hm	
2016:15	RARIK skjalasafn. Jóhann Svavarsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	N00072
2016:16	Guðjón Jónsson, skjalasafn. Garðar Víðir Guðjónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:17	Gunnar Jóhann Valdimarsson, skjalasafn. Garðar Víðir Guðjónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	N00071
2016:18	Garðar Víðir Guðjónsson, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:19	Gunnar Óli Hákonarson, skjalasafn. Inga Katrín Magnúsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	N00079
2016:20	Tónlistarskóli Skagafjarðar, skjalasafn. Kristín Jónsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00058
2016:21	Erlendur Hanssen, skjalasafn. Jóhanna Lárentsínudóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,16 hm	
2016:22	Skagfirðingafélagið í Reykjavík, skjalasafn. Sigmar Jónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	N00060
2016:23	Engilráð Sigurðardóttir, skjalasafn. Hörður Ingimarsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00080
2016:24	Jónas Jónsson, skjalasafn. Ingólfur Jónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00061
2016:25	Steinunn Sigurjónsdóttir, skjalasafn. Gunnlaugur Hrafn Jónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,34 hm	
2016:26	Haraldur Júlíusson, skjalasafn. María Haraldsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00063
2016:27	Guðjón Jónsson, skjalasafn. Garðar Víðir Guðjónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:28	Sigríður Viggósdóttir, ljósmynd.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	

2016:29	Ragnheiður Dóra Árnadóttir, skjalasafn. Stefania Arnórsdóttir.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:30	María Haraldsdóttir, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:31	Sigurður Jónsson, skjalasafn. Anna Ingólfssdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:32	Molduxi, skjalasafn. Rúnar Björnsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:33	Guðjón Sigurðsson og Ólína Björnsdóttir, ljósmyndasafn (ásamt fleiri skjalamyndurum). Björn Björnsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,34 hm	
2016:34	Kvenfélag Sauðárkróks, ljósmyndir. Ingimar Hólm afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00092
2016:35	Garðar Víðir Guðjónsson, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:36	Gunnar Helgason og Sigurlaug Jónasdóttir, ljósmyndir. Anna María Gunnarsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:37	Kristmundur Bjarnason, útgefið efni. Bragi Hrólfsen afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:38	Gunnar Helgason og Sigurlaug Jónasdóttir, ljósmyndir. Helgi Dagur Gunnarsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:39	Guðjón Sigurðsson og Ólína Björnsdóttir skjalasafn. Björn Björnsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:40	Stefana Björnsdóttir, skjalasafn. Sigríður Ólafsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:41	Hjalti Guðmundsson, skjalasafn. Pálmi Jónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:42	Feykir, skjalasafn. Berglind Þorsteinsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:43	Lögmenn Suðurlandi, skjalasafn. Ólafur Björnsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:44	Loðskinn hf., skjalasafn. Bjarni R. Brynjólfsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:45	Fiskiræktar- og veiðifélag Kolku, skjalasafn. Ungmennafélagið Neisti, skjalasafn. Höfðaborg, skjalasafn. Hjalti Þórðarson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,12 hm	N00083 N00082 N00084
2016:46	Pétur Sighvats, skjalasafn. Sigurdríf Jónatansdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:47	Heiðbjört B. Jóhannesdóttir, ljósmynd. Ingigerður Sigurjónsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:48	Sigurfinnur Jónsson, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:49	Jóhannes Hansen, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	N00090
2016:50	Sigurlaug Sigurðardóttir, skjalasafn. Garðar Víðir Guðjónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:51	Rósmundur Ingvarsson, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,16 hm	N00091
2016:52	Rafveita Sauðárkróks, skjalasafn. Rarik.	Opinbert skjalasafn	4,00 hm	
2016:53	Rósa P. Jensdóttir, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	

2016:54	Haraldur Hermannsson, skjalasafn. Jónas Svavarsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	N00095
2016:55	Aldan og lðnsveinafélagið, skjalasafn. Hrefna G. Björnsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:55	Helgi Ásgrímsson, skjalasafn. Páll Helgason afhenti.	Einkaskjalasafn	0,05 hm	
2016:56	Jón Jónsson, skjalasafn. Jón Ásbergsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:57	Sigurjón Páll Ísaksson, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,08 hm	
2016:58	Byggðasafn Skagfirðinga, skjalasafn. Sigríður Sigurðardóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm	
2016:59	Nokkrir skjalamyndarar. Bjarni Haraldsson afhenti.	Einkaskjalasafn	4,00 hm	

Samtals gera þetta 14,04 hillumetri sem er nokkur aukning frá því 2015 en þá töldust afhentir hillumetrar vera um 9,71.

Söfnun á skjölum ungmennafélaga

Gerð var tilraun til að kalla eftir gögnum ungmennafélaga í Skagafirði. Send voru út bréf til allra þeirra sem eftir okkar upplýsingum voru síðast formenn ungmennafélaganna. Báðum við þessa aðila að kanna hvort hjá þeim lægju gögn frá viðkomandi félagi. Sérstaklega vorum við að leita eftir fundargerðabókum. Einnig báðum við þessa aðila að upplýsa okkur um það hvort félagið teldist enn vera starfandi eða hvort það væri búið að leggja það niður. Skemmst er frá því að segja að þessi tilraun bar engan árangur. Ljóst er að aðferðin „maður á mann“ gefst mun betur en formlegar bréfasendingar.

Skráningarmál

Skráning á safnkosti

Héraðsskjalasafnið hefur tekið upp nýtt skráningarkerfi sem nefnist Atom. Skráningarkerfi þetta er þróað og hannað af Artefactual og byggir á stöðlum Alþjóða skjalaráðsins. Kerfi þetta er víða notað, meðal annars er það notað sem vefgátt fyrir kanadísk skjalasöfn og til að halda utan um skjalasafn UNESCO (sjá <http://atom.archives.unesco.org/>). Hér á Íslandi hefur, auk Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Landsbókasafn-Háskólabókasafn notað kerfið til að halda utan um einkaskjalasöfn. Kerfið er veflægt og miðlægt og gefur kost á að miðla upplýsingunum í gegnum aðrar vefgáttir með auðveldum hætti. Hér er tekið stórt skref í að skrá eftir viðkenndum skráningarstöðlum (ISAD(G)) ásamt því að gera skrár okkar aðgengilegar á netinu. Við höfum ekki enn auglýst mikið síðuna okkar vegna þess að enn er verið að þýða síðuna yfir á íslensku en við tókum þátt í þeirri vinnu með Landsbókasafninu.

Árið 2015 voru 35 söfn skráð inn í skráningarkerfið. Meirihlutinn var einkaskjalasöfn eða 33 söfn en tvö söfn voru hreppagögn. Árið 2016 voru 69 söfn skráð inn í skráningarkerfið, 62 (90%) einkaskjalasöfn, fjögur opinber skjalasöfn (6%) og þrjú blönduð söfn (4%).



Gífurleg vinna liggur fyrir hjá Héraðsskjalasafninu að skrá gögn í kerfið, bæði eldri skráningar og það sem telst óskráð hjá safninu. **Alla eldri skráningu þarf að yfirfara og uppfæra í samræmi við alþjóðlega skráningarstaðla.** Einnig eru eldri umbúðir óviðunandi, þ.e. ekki sýrufríar umbúðir og þarf því að umpakka gögnunum í leiðinni.

Staða skráningar 2016

	hillumetrar
Afhendingarskyldir aðilar	210,05
Einkaskjalasöfn	280,8
Samtals	490,85

	hillumetrar
Fullskráð	254
Forskráð	97
Óskráð	141

Erfitt er oft að áætla hillumetra óskráðra gagna því þau eru í alls kyns umbúðum. Er því um ágiskun að ræða út frá því hilluplássi sem þau taka í dag. Hin svokölluðu „forskráðu“ gögn eru gögn sem voru sett í öskjur ásamt upplýsingum (oftast) um afhendingu en engin frekari skráning farið fram. Í allt of mörgum tilvikum vitum við ekki uppruna eða feril gagnanna en kröfur og aðferðafræði skráningar hafa breyst í gegnum tíðina. Sem fyrr hefur safnið í flestum tilvikum **ekki** tekið við rafrænum gögnum nema sem afriti af öðrum gögnum, til dæmis viðtöl sem við eigum á spólum en eigum einnig til stafrænt afrit af viðtölunum.

Samstarfsverkefni, fræðsla og heimsóknir

Úr tímans ranni & Drangey – matarkista Skagfirðinga

Árið 2015 fékk Héraðsskjalasafnið ásamt Kára Gunnarssyni styrk frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga fyrir verkefnið „Úr tímans ranni“. Hugmyndin er að taka viðtöl við eldri borgara á svæðinu. Að þessu sinni var lögð áhersla á að safna frásögnum um veiði í og við Drangey. Árið 2016 fengu sömu

aðilar styrk frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga í eins konar framhaldsverkefni. Verkefnið fólst í því að setja upp sýningu í Safnahúsinu sem fjallaði um Drangey og nýtingu hennar. Sýningin var opnuð á norræna skjaladeginum, 12. nóvember. Kristján Eiríksson frá Fagranesi kom og hélt erindi sem hann nefndi „Drangey, Hólastóll og flekaveiðar“.

Sögufræðsla fyrir ungdóminn



Héraðsskjalasafn Skagfirðinga bauð börnum sem eru í Sumar Tím upp á námskeið um Sauðárkrók og umhverfi. Til dæmis var farið uppá Nafir fyrir ofan Skógargötu með ljósmyndir frá 1893-1960 og skoðuð þróun bæjarins frá upphafi byggðar.



14. október fengum við nemendur úr 6. bekk Árskóla í heimsókn og fræddust þeir um starfssemi skjalasafnsins og bókasafnsins.

Sveitablöðin

Í samstarfi við Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu og Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu var sótt um styrk í verkefnasjóð sem Þjóðaskjalasafn sér um. Þessir aðilar fengu styrk til að mynda gömlu handskrifuðu sveitablöðin og koma út á vefinn. Hjá öllum þessum aðilum birtast sveitarblöðin á

skráningarsíðum safnanna en einnig var búin til Wikipedia-síða sem fjallar um sveitablöð og er með hlekk í myndrænt afrit af sveitablöðunum. Sjá: <https://is.wikipedia.org/wiki/Sveitabl%C3%B6%C3%B0>



Héraðsskjalaverðir funda

Einu sinni á ári hittast starfsmenn héraðsskjalasafna til skrafs og ráðagerðar. Að þessu sinni var haldið til Mosfellsbæjar (7.-8. október). Þar fengum við höfðinglegar móttökur í ráðhúsinu. Utan þessa árlega fundar reyna héraðsskjalaverðir að funda eftir því sem þurfa þykir og þá í gegnum fjarfundabúnað, skype eða síma. Einu sinni á ári hitta svo héraðsskjalaverðir Þjóðskjalavörð. Þetta árið var fundurinn haldinn 28. apríl í Reykjavík.

Héraðsskjalaverðir á Norðurlandi vestra hafa tekið upp þann háttinn að hittast reglulega. Í þessum hittingi eru hin ýmsu málefni tæklud. Samstarfið milli þessara safna eykst með ári hverju, t.d. bæði hvað varðar skráningarkerfi og miðlun á safnkosti með stafrænum hætti.